

9

28. febr.

Með lögum þessum eru úr gildi númin lög nr. 29 19. maí 1930 og 1. gr. laga nr. 117 29. des. 1933.

3. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 28. febrúar 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

10

15. maí

L Ö G

um notkun vegabréfa innanlands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur fyrirskipað, að allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf, er lögreglustjóri gefur út. Má fyrirskipa notkun slíkra vegabréfa í einstökum umdæmum eða almennt eftir því, sem þörf þykir.

2. gr.

Skýlt er að sýna vegabréf þessi, hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð gerð og innihald vegabréfa og setur nánari reglur um notkun þeirra og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

Kostnaður við útgáfu vegabréfanna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört i Reykjavík, 15. maí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.